

7. september 2009



**Samvinnunefnd miðhálandis
Skúlagötu 21
101 Reykjavík**

EFNI: Tillaga að breytingu á svæðisskipulagi miðhálandis 2015 varðandi Kröflu og Gjástykki

Landvernd hefur kynnt sér tillögu að breytingum á svæðisskipulagi miðhálandis varðandi Kröflu og Gjástykki ásamt umhverfismati skipulagstillögunnar sem samvinnunefnd miðhálandis auglýsti til kynningar 27. júlí sl. Breytingin felst í að þeirri almennu vernd, sem skilgreining svæða sem náttúruverndarsvæða skv. svæðisskipulagi miðhálandis felur í sér, er aflétt og svæðin í staðinn skilgreind til orkuvinnslu.

Landvernd telur að falla beri frá þeim hugmyndum sem kynntar eru í skipulagstillögunni með vísan til eftirtalinna atriða:

- Tillagan felst í að stækka orkuvinnslusvæði sem skilgreind hafa verið í svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum þannig að þau teygi sig inn á skipulagssvæði svæðisskipulags miðhálandis; yfir um 45 ha svæði í Kröflu og um 4 ha svæði í Gjástykki. Landvernd telur ekki vera sýnt fram á í framlagðri skipulagstillögu að nauðsynlegt sé að stækka umrædd orkuvinnslusvæði inn á skipulagssvæði svæðisskipulags miðhálandis, þ.e. að svæðin eins og þau eru þegar afmörkuð í svæðisskipulagi háhitasvæða í Suður-Þingeyjarsýslum rúmi ekki fyrirhugaðar framkvæmdir við orkuöflun á svæðinu. Vísast í því sambandi bæði til greinargerðar skipulagstillögunnar, sem og til þeirra gagna sem lögð hafa verið fram af hálfu Landvirkjunar vegna áforma um rannsóknarboranir í Kröflu og Gjástykki (sjá tillögur Landsvirkjunar að matsáætlunum fyrir umræddar framkvæmdir og frummatsskýrslu um rannsóknarboranir í Gjástykki).
- Rökstuðningur skipulagstillögunnar felst fyrst og fremst í fullyrðingum um nauðsyn orkunýtingarrannsókna á svæðinu, en lítið vikið að hinu mikla náttúruverndargildi svæðisins, sem m.a. er forsenda þess að það er skilgreint sem náttúruverndarsvæði og hluti verndarheildar í gildandi svæðisskipulagi.
- Í skipulagstillögunni er settur svohljóðandi fyrirvari við orkuöflun í Gjástykki: „Fyrirvari er um útfærslu orkuvinnslusvæðis í Gjástykki í samræmi við samkomulag sveitarfélaganna sem standa að svæðisskipulagi jarðvarma í Þingeyjarsýslum, að ef næg orka fæst frá Bjarnarflagi, Kröflu og Þeistareykjum verði ekki farið í orkuvinnslu í Gjástykki.“ Landvernd telur fyrirvarann óljósan og ekki setja neinar raunverulegar skorður á nýtingu umrædds svæðis í Gjástykki til orkuvinnslu ef svæðisskipulagsbreytingin verður staðfest, auk þess sem hann setur engar hömlur á röskun náttúru á norðanverðu Kröflusvæðinu. Jafnframt liggur fyrir skv. framlögðum gögnum (sbr. umfjöllun um árangur borana í kafla 2.2 í umhverfisskýrslu skipulagstillögunnar og töflu í sama kafla um fyrirhugaðar virkjanir) að miðað við áformaða orkuframleiðslu mun þurfa að virkja í Gjástykki. Landvernd telur að ekki sé

tilfni til þess að gera umræddar breytingar í Kröflu og Gjástykki fyrr en í fyrsta lagi þegar fyrir liggur fullnægjandi þekking á Þeistareykjasvæðinu, en skv. kafla 2.2 í umhverfisskýrslu með skipulagstillögunni er óvissa um afköst jarðhitasvæðisins á Þeistareykjum og jafnframt kemur fram að afköst þess séu forsenda ákvarðana um frekari orkuöflun í Kröflu og Gjástykki. Engin viðmið eru sett fyrir áður nefndum „fyrirvara“, s.s. hvað varðar hvað telst „næg orka“ eða viðmið um tímaramma eða nánari staðsetningu og fyrirkomulag framkvæmda og mannvirkjagerðar.

- Í kafla 2.3 í umhverfisskýrslu með skipulagstillögunni er vísað til korts 16a í greinargerð svæðisskipulags miðhálandis 2015 og það sagt sýna „orkuvinnslusvæði háhita sem koma til álita í lok skipulagstímabilsins“. Landvernd vekur athygli á því að umrætt kort sýnir ekki stefnu svæðisskipulagsins, heldur er um að ræða skýringarkort þar sem einstakir forsenduþættir skipulagsvinnunnar eru dregnir saman (sbr. 1. mgr. kafla 1.6 í svæðisskipulaginu). Kort 16a sýnir „þekkt háhitasvæði“ og þar eru jafnframt auðkennd svæði sem voru á vinnslutíma svæðisskipulagsins talin „hugsanlegir virkjunarstaðir háhita“ skv. Orkustofnun.
- Landvernd tekur undir það sem fram kemur í lok kafla 2.3 í umhverfisskýrslu skipulagstillögunnar, en þar segir: „... Samvinnunefnd miðhálandis hefur ítrekað komið á framfæri að nauðsynlegt sé að hefja endurskoðun á heildarstefnu Svæðisskipulags Miðhálandis og fært fyrir því rök að móta þurfi í samráði við stjórnvöld, stefnu um framtíðarnýtingu háhita á hálandi Íslands“. Landvernd telur þá breytingu sem nú er lögð til á svæðisskipulagi miðhálandis í Kröflu og Gjástykki ekki tímabæra, þar sem slík heildstæð stefna liggur ekki fyrir.
- Í kafla 4.4 í umhverfisskýrslu með skipulagstillögunni er lagt mat á umhverfisáhrif hennar. Landvernd telur þar um vanmat á neikvæðum áhrifum breytingar á umhverfið að ræða. Landvernd vísar í því sambandi til fyrirliggjandi tillögu Umhverfisstofnunar um friðun svæðisins (sbr. skýrslu stofnunarinnar til umhverfisráðherra árið 2004), sem og til umsagnar Landverndar til Skipulagsstofnunar dags. 28. ágúst 2009 um frummatsskýrslu Landsvirkjunar um rannsóknarboranir í Gjástykki (sjá http://www.landvernd.is/Umsagnir/Gjastykki_athugasemdir_28agust2009.pdf) og fyrirliggjandi umsagna sérfræðistofnana um Kröflu og Gjástykki, sbr. t.d. umsagnir Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögur að matsáætlunum vegna rannsóknarborana í Kröflu og Gjástykki dags. 12. janúar 2009 (sjá http://www.ni.is/media/stofnunin/umsagnir/2009010018_Rannsoknarboranir_vid_Kroflu_i_Skutustadahreppi_tillaga_ad_matsaatlun.pdf og http://www.ni.is/media/stofnunin/umsagnir/2009010018_Rannsoknarboranir_i_Gjastykki_tillaga_ad_matsaatlun.pdf)
- Landvernd gerir athugasemdir við þær niðurstöður Samvinnunefndar miðhálandis að orkuvinnsluframkvæmdir sem skipulagsbreytingin opnar fyrir á svæðinu „gætu haft áhrif á landslagsheildir“ og að jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga „geti verið í hættu“ [undirstrikun Landverndar]. Landvernd telur óumdeilt að framkvæmdir við orkuvinnslu á umræddum svæðum munu hafa áhrif á landslagsheildir og skerða jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta verndar skv. 37. gr. Náttúruverndarlaga.
- Í kafla 5.1 í umhverfisskýrslu skipulagstillögunnar er vikið að öðrum kostum. Landvernd gerir athugasemdir við að ekki hafi verið gerð ítarleg grein fyrir

umhverfisáhrifum valkosta við skipulagstillöguna, þ.m.t. þess kosts að svæðisskipulag miðhálandis standi óbreytt.

Með vísan til ofangreinds og þess að ekki liggur fyrir niðurstaða úr 2. áfanga vinnu við rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma telur Landvernd að falla beri frá auglýstri tillögu að breytingu á svæðisskipulagi miðhálandis 2015 sem felst í skilgreiningu orkuvinnslusvæða í Kröflu og Gjástykki.

Með vinsemd og virðingu
f.h. stjórnar Landverndar

Björgólfur Thorsteinsson, formaður Landverndar